



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun (lagfæringar, gildi laganna)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneytið/Skúli Þór Gunnsteinsson
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	3. júní 2024

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Lög um svæðisbundna flutningsjöfnun tóku upphaflega gildi þann 1. janúar 2012 og áttu að gilda í ár. Ástæða fyrir stuttum gildistíma laganna var að eðlilegt var talið að fram færi endurskoðun á reglunum með tilliti til nýs byggðakorts ESA sem lögin miðuðust við og nýrra útreikninga á flutningskostnaði áður en lögin féllu úr gildi. Gildistöku laganna var breytt með lögum nr. 128/2012 og lögum nr. 132/2013 en með síðari lögunum var gildistöku laganna lengt til 31. desember 2020. Gerðar voru frekari breytingar á lögunum með lögum nr. 125/2018 og var gildistakan m.a. færð til 2025. Í 2. málslið 12. gr. laganna sem fjallar um gildistöku laganna kemur fram að endurskoða skuli ákvæði laga þessara innan árs frá gildistöku.

Markmið laganna er að styðja við framleiðsluþæðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðanda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur sem staðsettir eru nær markaði. Með lögum nr. 89/2020 var lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun breytt í þá veru að olúvörur voru felldar undir lögin og flutningsjöfnunarsjóður olúvára var lagður niður. Við markmiðsákvæði 1. gr. var því bætt nýjum málslið svohljóðandi: „Markmið laganna er enn fremur að veita styrki til að tryggja framboð olúvára með því að jafna flutningskostnað á olúvörum sem eru til notkunar innan lands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.“

Með lögum nr. 104/2023 sem breyttu lögum nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun og tóku gildi 1. janúar 2024, kemur fram í bráðabirgðaákvæði að ráðherra skuli fyrir árslok gefa Alþingi skýrslu sem felur í sér áætlun um hvernig styrkir til jöfnunar á flutningskostnaði olúvára verði lækkaðir í þepum og að lokum felldir niður á gildistíma laganna.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að tryggja áframhaldandi gildistöku laganna og gera smávægilegar lagfæringar á lögunum.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lögin falla úr gildi árið 2025 og því nauðsynlegt að framlengja gildi laganna með lögum. Þá þarf að taka út úr lögunum fjárhæðar viðmiðið 200.000 evrur og færa yfir í reglugerð svo dæmi sé tekið auk þess að skoða þarf reiknireglur.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmiðið er að styðja framleiðsluþæðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

C. Leiðir

1. **Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**
Lögin myndu falla að óbreyttu úr gildi árið 2025
2. **Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**
Engin önnur úrræði en lagasetning kemur til greina.
3. **Mögulegar leiðir við lagasetningu.**
Lagt verður fram breytingafrumvarp.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**
Lagt er til að áform þessi fari í innra og ytra samráð. Skýrsla samkvæmt bráðabirgðaákvæði er í vinnslu. Ekki er óhugsandi að niðurstaða skýrslunnar leiði til lagabreytinga. Frumvarp verður samið og sett í opið samráð á haustmánuðum og lagt fram í lok október eða byrjun nóvember nk.
2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**
Þörf er á að gera breytingar á 6. gr. laganna. Þá er þörf á að gera breytingar á 12. gr. laganna. Þá kann skýrsla sem er í vinnslu að kalla á lagabreytingar.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**
Áformin kunna að koma inn á svið þjóðaréttarskuldbindinga Íslands vegna EES samningsins
2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Já, styrkir flokkast sem ríkisstyrkir samkvæmt reglum EES-samningsins.**
3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**
Já samkeppnislöggjöf

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**
Helstu hagsmunaaðilar eru sveitarfélög og fyrirtæki á starfssvæði Bygðastofnunar
2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**
Nei.
3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**
Nei
4. **Fyrirhugað samráð.**
Já

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**
Sjá fylgiskjal.

H. Næstu skref, innleiðing

1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?
2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?
3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?
4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.
5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.
2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.